

## Spurningar og svör – Foreldrar

- 1. Hverjir eiga rétt á frístundastyrk hjá Kópavogsbæ?**  
Öll börn með lögheimili í Kópavogi á aldrinum 5 – 18 ára (fædd á árunum 2000 – 2013)
- 2. Get ég flutt styrkinn yfir á næsta ár ef ég næ ekki að fullnýta hann í ár?**  
Nei það er óheimilt að flytja styrkinn á milli ára.
- 3. Ég er með lögheimili í Kópavogi, en barnið mitt er með skráð lögheimili hjá hinu foreldri sínu í öðru sveitafélagi, en býr hjá mér aðra hverja viku. Á ég þá ekki rétt á að nýta frístundastyrkinn fyrir barnið mitt?**  
Nei því miður. Það eru skýrar reglur að barnið sem er að nýta styrkinn sé með lögheimili í Kópavogi og miðast lögheimilisskráning við fjölskyldunúmer í Þjóðskrá.
- 4. Ef barnið mitt stundar íþrótt hjá stóru íþróttafélagunum/frístundafélagunum í Kópavogi (Breiðablik, HK, Gerpla, Dansfélagið Hvönn, Tónsalir) – Hvernig sæki ég frístundastyrkinn þá?**  
Ferð inn á heimasíður íþróttafélaganna og skráir barnið með hefðbundnum hætti. Í innskráningarferlinu getur þú hakað við nota frístundastyrk og klárar skráninguna og þar með ertu búin að ráðstafa styrknum að hluta eða að fullu, fer eftir hversu há æfingagjöldin eru.
- 5. Getur íþróttafélagið/tómstundafélagið skráð barnið mitt og notað þannig styrkinn?**  
Nei. Foreldrar/forráðamenn eru þeir einu sem mega og geta ráðstafað styrknum.
- 6. Ég er með lögheimili í Kópavogi en sé ekki að barnið sé skráð á mig í Íbúagáttinni – af hverju er það?**  
Einungis foreldrar og forráðamenn sem barnið er skráð með lögheimili hjá sjá barnið á sinni íbúagátt og geta þar af leiðandi fylgst með ráðstöfun frístundastyrks.
- 7. Hverjir geta ráðstafað frístundastyrk barnsins?**  
Foreldri/foreldrar/forráðamenn sem hafa sama lögheimili og barnið geta ráðstafað styrknum. Ef foreldrar eru ekki í sambúð, getur foreldrið sem hefur ekki lögheimili á sama stað og barnið, ráðstafað styrknum ef að íþróttafélagið/tómstundafélagið hafi stofnað hitt foreldri sem forráðamann í kerfinu. Sömuleiðis getur tómstundafélagið stofnað aðra nákomna ættingja sbr. ömmur og afa sem forráðamenn/greiðendur fyrir æfingagjöldunum inn í Nóra skráningarkerfinu. Til þess að skrá nýjan forráðamann þarf leyfi frá núverandi forráðamanna
- 8. Ég er ekki með íslykil. Hvernig get ég skráð mig inn í kerfið?**  
Þú verður að innskrá þig á íbúagáttina með íslykli. Ef að þú hefur týnt upplýsingunum um íslykil getur þú sótt um nýjan og fengið hann sendan í heimabankann þinn.

**9. Af hverju þarf að skrá sig inn með íslykli?**

Inn á íbúagáttinni eru persónulegar og fjárhagslegar upplýsingar um þig og fjölskyldu þína. Ákveðið var að notast við íslykilinn til að gæta fyllsta öryggis við meðferð persónulegra upplýsinga.

**10. Barnið mitt stundar engar íþróttar né tekur þátt í tómsundum. Get ég nýtt styrkinn í eitthvað annað eins og t.d. að kaupa reiðhjól eða annað sem hvetur barnið til hreyfingar?**

Nei því miður. Frístundastyrkurinn er eingöngu ætlaður til niðurgreiðslu fyrir íþróttir, listir eða aðra tómsundastarfsemi á vefum félaga og fyrirtækja. Hann er ekki hægt að nýta til tækja, búanaðar fatnaðar eða ferða.

**11. Við höfum fest kaup á húsnæði í Kópavogi en flytjum ekki í bæjarfélagið fyrr en í maí á þessu ári. Eigum við rétt á frístundastyrk fyrir börnin okkar ef við höfum ekki átt heima í Kópavogi 1. Janúar 2018?**

Já þið fáið fullan frístundastyrk fyrir árið sem þið flytjið í bæjarfélagið. Um leið og þið hafið breytt lögheimilinu ykkar, eigið þið rétt á frístundastyrknum fyrir börnin ykkar.